

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, Vesturberg.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, frá 28. mars 1996.

Breytingarnar sem afmarkast af lóðarmörkum íbúðarlóða við Kirkjuveg í vestur, Vesturbraut í norður og Vesturgötu í suður eru eftirfarandi:

1. Vesturbraut 13, leikskóli breytist í íbúðarhús.
2. Vesturbraut 15, óbyggð lóð verður bílastæði.
3. Þjónustulóð (S5) stækkar til austurs.
4. Svæði fyrir verslun og þjónustu stækkar til norðurs.
5. Aðkoma verður um Vesturbraut.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 9. júlí 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 25. júlí 2007